

Reykjavíkurborg  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 29. júní 2018  
UST201805-080/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur - Kópavogsgöng - Niðurfelling**


Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar er barst 9. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að niðurfellingu Kópavogsgangna með tilheyrandi umferðarmannvirkjum, ásamt umhverfisskýrslu.


Í greinargerð kemur fram að Kópavogsgöng sem tengja átti Reykjanesbraut við Kringlumýrarbraut voru skilgreind sem hluti framtíðar gatnakerfis höfuðborgarsvæðisins í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 – 2024. Á sama tíma var gert ráð fyrir þeim í aðalskipulagi Reykjavíkur og aðalskipulagi Kópavogs um svipað leyti.

Í greinargerð kemur einnig fram að í nýjum umferðarspám sem byggja á niðurstöðu umferðarlíkans höfuðborgarsvæðisins segir, að Kópavogsgöng myndu flytja talsvert umferðarmagn af Reykjanesbraut þar sem er nægileg umferðarrýmnd yfir á Kringlumýrarbraut þar sem afkastageta er nánast fullnýtt. Einnig kemur fram að í nýju svæðisskipulagi er megin markmiðið að efla almenningssamgöngur og breyta ferðavenjum og að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafi sett fram stefnu um að byggja upp hágæða almenningssamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu, Borgarlínukerfi. Samkvæmt þeim niðurstöðum mun það stofnbrautakerfi sem lagt er til grundvallar í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 og inniheldur ekki Kópavogsgöng, anna þeirri umferðaraukningu sem gert er ráð fyrir á næstu áratugum nái markmið um breyttar ferðavenjur fram að ganga.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og umhverfisskýrslu um að fella Kópavogsgöng út úr aðalskipulagi Reykjavíkur og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Agnar B Bragason  
Teymisstjóri